

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 96

Apríl 2004

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 27. apríl 2004 kl. 20:00 í Norræna Húsinu

Helgi Björnsson:

Athuganir á afkomu og veðri á Vatnajökli

Magnús Tumi, Magnús Hallgrímsson og Jósef Hólmjárn:

Myndir frá Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Tindfjallajökli

VORFUNDUR

Vorfundur JÖRFÍ verður haldinn þriðjudaginn 27. apríl í Norræna Húsinu og hefst hann kl. 20.00. Helgi Björnsson mun halda erindi þar sem greint verður frá umfangsmiklum athugunum á afkomu og veðri á Vatnajökli sem staðið hafa frá því snemma á síðasta áratug. Leiðangrar hafa verið farnir á jökulinn til afkomumælinga vor og haust. Að vori er metinn snjór sem fallið hefur á jökulinn um veturinn og að hausti hve mikið hefur bráðnað um sumarið og runnið burt sem leysingarvatn.



Veðurstöð á Köldukvíslarjökli sumarið 1998

Á sumrin hafa einnig verið reknar nokkrar sjálfsvirkar veðurstöðvar sem mæla geislun, hitastig, raka og vindhraða yfir jöklinum. Með slíkum mælingum er unnt að meta varmaorku sem berst til jökulsins með geislun frá sólu og andrúmslofti og varma frá hlýjum og rökum loftstraumum. Þessi varmi eyðir verarfrosti og bræðir síðan jökulinn. Rannsóknir á þessum orkuþáttum auka skilning á áhrifum loftslagsbreytinga á leysingu jökla og afrennsli vatns frá þeim.

Eftir hlé verða sýndar myndir frá Suðurjökklunum: Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Tindfjallajökli. Meðal myndefnis eru sigkatlar í Mýrdalsjökli, gígur og steinar Eyjafjallajökuls og slóðir sumarferðarinnar umhverfis Tindfjallajökul.

Stefnumótun JÖRFÍ

Á síðasta aðalfundi var kynnt sú ætlun stjórnarinnar að móta stefnu fyrir félagið til næstu framtíðar. Tæpur áratugur er nú síðan slík stefna var síðast mótuð og því tímabært að horfa til framtíðar í ljósi aðstæðna nú. Áformað er að vinna skýrslu þar sem helstu verkefni félagsins eru tíunduð, afkoma og útgjöld og hvernig félagið geti best náð markmiðum sínum á næstu árum. Markmið JÖRFÍ eru sett fram í 2. grein laga félagsins: *Markmið félagsins er að stuðla að rannsóknum og ferðalögum á jöklum landsins, gefa út tímaritið Jökul, ásamt fréttabréfi og gangast fyrir fræðandi fyrirlestrum og myndasýningum.*

Félagið hefur á síðustu áratugum unnið að þessum markmiðum með byggingu og rekstri skála, staðið fyrir vorferðum á Vatnajökul auk annarra rannsókniferða, stundað umfangsmiklar sporðamælingar, gefið út Jökul og fréttabréfið, og nú síðustu árin haldið úti heimasíðu auk þriggja fræðslufunda á vetri. Margt hefur breyst í umhverfi jöklarannsókna á þeim árum sem liðin eru frá stofnun félagsins. Í dag hafa vísindamenn sem yfirleitt starfa á rannsóknastofnunum forgöngu um flest rannsóknaverkefni en félagið leggur þeim lið með þeim hætti sem lýst er hér að ofan. Í félaginu koma því saman

áhugamenn og atvinnumenn í rannsóknum. Á hverjum tíma þarf að huga vel að því hvernig best sé staðið að þessu samstarfi þ.a. ávinningur verði sem mestur, bæði fyrir áhugamennina og vísindin.

Á stjórnarfundum 1. mars 2004 skipaði stjórnin fimm manna nefnd til að fjalla um þessi mál. Í henni sitja auk formanns og varaformanns, Árni Páll Árnason, Ástvaldur Guðmundsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Nefndin hefur hafið störf og fyrsti áfanginn er samantekt um starfsemina síðustu árin. Í þessari vinnu er mikill stuðningur að vandaðri skýrslu um stöðu og stefnu JÖRFÍ sem unnin var af þáverandi stjórn félagsins árið 1995. Til að sem mest gagn verði af vinnunni sem nú er hafin er mikilvægt að félagsmenn láti til sín heyra um þessi mál. Hægt er að koma ábendingum og tillögum til nefndarmanna bréflaga, gegnum síma eða tölvupóst, eða þá beint til stjórnar félagsins. Áformað er að nefndin ljúki störfum seint á þessu ári.

Magnús Tumi Guðmundsson

Sumarferð að Tindfjallajökli

Fyrir nokkrum árum var gerð sumarferð JÖRFÍ að Tindfjallajökli og gist í og við skála Magnúsar Hallgrímssonar og félaga. Ferðin var fjölmenn og vel heppnuð að mörgu leyti en ekki er því að leyna að þoka lá yfir allan tímann og lítið varð úr fjallgöngum. Nú er ætlunin að reyna aftur við Tindfjallajökul, annaðhvort að aka kringum hann eða upp að skálunum og freista uppgöngu. Áformað er að fara á einkabílum og reynt verður að útvega þeim pláss sem ekki hafa yfir jeppa að ráða. Umsjón með ferðinni hefur Magnús Hallgrímsson (maggihall@simnet.is). Ferðatími hefur ekki verið ákveðinn en stefnt er á einhverja helgina í júlí. Nánar verður auglýst á heimasíðu félagsins þegar liður á júní, en einnig getur fólk fylgst með málinu með því að hafa samband við Magnús.



Tindfjallajökull.

Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Mýrdalsjökull

Stefnt er á ferð til afkomumælinga á Mýrdalsjökul einhvern góðan veðurdag sem ber upp á helgi fyrri hluta maímánaðar. Umsjón með ferðinni hefur bílanefnd félagsins. Nánari upplýsingar um ferðina verða á heimasíðu félagsins (www.jorfi.is) frá og með næstu mánaðarmótum.

Niðurstöður aðalfundar, 2004

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn í Norræna Húsinu þann 24. febrúar síðastliðinn. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Oddur Sigurðsson var kjörinn fundarstjóri og Guttormur Sigbjarnason fundarritari. Á fundinn mættu 28 félagar og fór allt friðsamlega fram. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum sýndi Ragnar Th. Sigurðsson úrval jöklamynda við verðskuldaða hrifningu fundarmanna.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum. Skipan stjórna og nefnda er sem hér segir:

Stjórn JÖRFÍ 2004:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Steinunn Jakobsdóttir, gjaldkeri
Halldór Gíslason, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Bryndís Brandsdóttir, Hannes Haraldsson, Sverrir Óskar Elefsen og Vilhjálmur Kjartansson.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Sverrir Óskar Elefsen og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Árni Páll Árnason, formaður, Garðar Briem, Halldór Gíslason yngri, Magnús Þór Karlsson, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson, formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Leifur Þorvaldsson, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur Kjartansson.

Ferðanefnd: Halldór Gíslason yngri, formaður, Árni Páll Árnason, Hannes Haraldsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Sjöfn Sigsteinsdóttir og Þorsteinn Jónsson.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir og Áslaug Geirsdóttir.

Ritnefnd Jökuls: Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen Luise Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson, Christopher J. Caseldine, Fiona Tweed, Gifford Miller, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og Willam H. Menke.

Formaður **árshátíðarnefndar:** Jóna Bryndís Guðbrandsdóttir.

Valnefnd: Gunnar Guðmundsson, Stefán Bjarnason og Sveinbjörn Björnsson.